



Fundargerð

Ársfundur 9. maí 2017

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var haldinn þriðjudaginn 9. maí 2017 kl. 16:30 að Strandgötu 3, 3. hæð. Eiríkur Björn Björgvinsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á sjálfum sér sem fundarstjóra og Önnu Lilju Gunnlaugsdóttur sem fundarritara.

Í upphafi gerði hann grein fyrir boðun fundarins og komu engar athugasemdir fram og er fundurinn því lögmatúr. Var síðan gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Eiríkur Björn fjallaði um starfsemi sjóðsins á árinu 2016. Í ræðu hans kom fram að reksturinn hafi verið í föstum og traustum skorðum á árinu eins og undanfarin ár. Eignir voru metnar á gangvirði og er ársreikningurinn byggður á því. Ávöxtun sjóðsins var ágæt á árinu í samanburði við aðra sjóði en síðasta ár erfitt fyrir lífeyrissjóði landsins, nafnávöxtun var 4,4% og hrein raunávöxtun var 2,3% samanborið við 11,2% nafnávöxtun og 9,0% raunávöxtun á árinu 2015. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 5,2% og 3,9% ef horft er til síðustu 10 ára. Hann ræddi breyttar forsendur um lífslíkur, en nú er miðað við reynslu árána 2010-2014, en tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 1.237 milljónir m.a. vegna þessa.

Einnig þakkaði hann starfsmönnum svo og stjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu. Sömu þakkir færði hann lífeyris- og sjóðfélögum.

2. Ársreikningur

Framkvæmdastjóri, Ingi Björnsson, gerði grein fyrir helstu þáttum ársreiknings; rekstri, efnahag og sjóðstreymi. Hann rakti iðgjaldapróun, fjölda greiðandi sjóðfélaga, lífeyrisgreiðslur og hvernig lífeyrisbyrði sjóðsins hefur þróast. Engar fyrirspurnir komu varðandi ársreikninginn og var hann borinn upp og samþykktur samhljóða.

3. Tryggingafræðileg athugun

Framkvæmdastjóri fór yfir tryggingafræðilega athugun sem unnin var af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 42,8%. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, eru neikvæðar um 7.789 milljónir króna.

4. Fjárfestingastefna / áhættustefna sjóðsins

Fjárfestingarstjóri kynnti fjárfestingastefnu sjóðsins. Hann ræddi m.a. fjárfestingaumhverfi sjóðsins og ræddi ávöxtunar- og áhættumarkmið sjóðsins.

Áhættustjóri fór yfir áhættustefnu sjóðsins, útskýrði markmið áhættustýringar og fór yfir helstu áhættuflokka.

5. Stjórnarkjóri lýst

Fundarstjóri greindi frá skipan stjórnar. Stjórn sjóðsins var skipuð fyrir þremur árum og er óbreytt til fjögurra ára.

6. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri lagði fram tillögu stjórnar sem byggði á tillögu endurskoðunarnefndar um að ytri endurskoðendur verði þeir sömu og endurskoðendur Akureyrarbæjar. Hefur Akureyrarbær boðið út endurskoðun sína og niðurstaða liggur ekki fyrir. Ekki komu fram aðrar tillögur og var hún samþykkt samhljóða.

7. Ákvörðun um laun stjórnarmanna

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að laun almennra stjórnarmanna hækkuðu úr 150 þúsund krónur á ári í 157.500 þúsund krónur á ári og tvöfalt fyrir stjórnarformann. Varamaður fengi krónur 31.500 fyrir setinn fund. Þá var lagt til að nefndarlaun í endurskoðunarnefnd yrðu krónur 31.500 fyrir setinn fund. Var tillagan samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

Óskað var eftir því að fært yrði til bókar að Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar varð 75 ára á árinu, stofnaður 1. janúar 1942.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:15

Fundarstjóri

Fundarritari

Eiríkur Björn Björgvinsson

Anna Lilja Gunnlaugsdóttir